



Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Reykjavík, 30.nóvember 2023

Mál: Olíubirgðastöð í Örfirisey – Endurnýjun starfsleyfis (USK23110076)

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar frá 1. nóv. sl. þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis olíubirgðastöðvar Olíudreifingar í Örfirisey.

Olíubirgðastöðin er á hafnarssvæði H1a samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og er það skilgreint með eftirfarandi hætti (bls. 104): **9.1. H1a. Örfirisey – olíuhöfn.** *Á svæðinu skal eingöngu vera birgða-, rekstrar-og þjónustustarfsemi olíustöðvar. Starfsemi er víkjandi og hún verði lögð af fyrir lok gildistíma aðalskipulags. Olíubirgðastöð í Örfirisey er með starfsleyfi sem gildir til ársins 2024. Lóðarleigusamningur gildir til ársins 2036.*

Á grundvelli ofangreindra ákvæða aðalskipulagsins og með hliðsjón af gildistíma lóðarleigusamninga, eru ekki forsendur til að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en 12 ára. Það er í samræmi við ákvörðun Faxaflóahafna frá 15. nóv. sl. um að gera ekki athugasemd við endurnýjun leyfis til 12 ára.

Haraldur Sigurðsson